

Nd.

250. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 62, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klotnað um frumvarp þetta, og er deiluefnið aðallega sameining jarðarinnar Tungu við Ísafjarðarkaupstað. Meiri hluti nefndarinnar álitur eðlilegt, að umdæmi Ísafjarðar nái einnig yfir Tungu, þar sem kaupstaðurinn er nú að koma upp allmiklu kúabúi í sambandi við þá jörð, og hún er að mestu eign hans. Hinsvegar virðist eðlilegt, að ákvæði sjeu í lögnum um fjárskifti og fátækraframsærslu, og ætti að vera nægilega tryggilega um það búið, er atvinnu-
málaráðherra skæri úr, ef samkomulag fengist ekki milli Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarsveitar. Þess má geta, að ýmislegt mælir með því, að allar jarðirnar í Skutilsfirðinum sameinuðust Ísafjarðarkaupstað, og virðist sú stefna hafa töluvert fylgi þar vestra, en það mál er of skamt á veg komið til að ástæða sje að semja lög um það.

Meiri hluti nefndarinnar er sammála um það, að Ísafjarðarkaupstaður fái sjerstakan bæjarstjóra, eins og aðrir kaupstaðir hjer á landi, ef meiri hluti kjósenda óskar þess, og telur eðlilegt, að hann sje kosinn á sama hátt sem í öðrum kaupstöðum, af bæjarstjórn.

Nefndin mælir samkvæmt framansögðu með frumvarpinu með svofeldri

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Um leið og lög þessi ganga í gildi, tekur Ísafjarðarkaupstaður að sjer framsærslu allra þeirra, sem framsærsluþurfar eru eða verða og framsærsluveit eiga eða mundu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Eyrarsveit, vegna fæðingar eða dvalar á jörðinni Tungu. Fjárskifti með Ísafjarðarkaupstað og Eyrarsveitar, vegna stækkunar umdæmis kaupstaðarins, skulu gerð fyrir sama tíma, en náist ekki samkomulag, sker atvinnu-
málaráðuneytið úr.

Alþingi, 20. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson,
formaður.

Hjeðinn Valdimarsson,
frsm. og fundaskrifari.

Bernh. Stefánsson,
með fyrirvara.